

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Byggðastofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. júní 2014 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,43 kr. á lítra
Gasolía	0,78 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,10 kr. á kg
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,15 kr. á lítra
Flugvélabensín	0,20 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar- aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 781/2012.

*Byggðastofnun, 5. maí 2014.*

**Aðalsteinn Þorsteinsson** forstjóri.

---

*Elín Gróa Karlsdóttir,*  
formaður stjórnar  
Flutningsjöfnunar-  
sjóðs olíuvara.